

Breyting á útsvarsprósentu

Til : Arnar Þór Sævarsson <arnar.thor.saevarsson@samband.is>
Frá : Arnar Þór Sævarsson <arnar.thor.saevarsson@samband.is>
CC : Valgerður Rún Benediktsdóttir <valgerdur.run.benediktsdottir@samband.is>; Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>
Heiti : Breyting á útsvarsprósentu
Málsnúmer : 2311012
Málsaðili : Skorradalshreppur
Skráð dags : 16.12.2023 12:34:22
Höfundur : Arnar Þór Sævarsson <arnar.thor.saevarsson@samband.is>

Viðhengi [image001.gif](#)[image001.gif](#)

Sæl öll

Í gærmorgun skrifaði Samband íslenskra sveitarfélaga undir samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. [Hér](#) má finna frétt um málið.

Í samkomulaginu er m.a. gert ráð fyrir að hámarksútsvar sveitarfélaga hækki um 0,23% og fari úr 14,74% í **14,97%**.

Ef sveitarfélög vilja nýta sér þessa hækkun þá þarf sveitarstjórn að samþykkja það fyrir áramót. Líkt og kom fram í leiðbeiningum sambandsins í fyrra, þegar sama staða var upp, þá er í sjálfu sér ekki hægt að gefa allsherjar forskrift um bókun málsins en aðalatriðið er að afgangur sveitarstjórnar sé skýr um hvert hlutfallið verði á næsta ári. Þá þarf að tilkynna breytt útsvarshlutfall til fjármálaráðuneytis eigi síðar en 30. desember.

Meðfylgjandi er möguleg fyrirmynd að framlagningu á dagskrá fundar og bókun sveitarstjórnar:

„Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk
Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, samþykkir sveitarstjórn **X** að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.

Tillagan samþykkt (samhljóða eða með nánar tilgreindum fjölda atkvæða).“

Ef vilji er til væri hægt að hafa fleiri orð um málið í dagskrá fundar til að upplýsa almenning, m.a. um að þar sem tekjuskattsálagning lækkar um samsvarandi prósent muni ákvörðunin ekki leiða til þess að heildarálgur á skattgreiðendur muni hækka. En við viljum gjarnan biðja sveitarstjórnir að gæta þess að ákvörðun í málinu verði samt eins skýr og kostur er.

Arnar Þór Sævarsson
frankvæmdastjóri CEO
Beint innval: 515 4910



Netfang: arnar.thor.saevarsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.